

Lífsvál - Samningur um lífeyrissparnað

Önnur samningsákvæði

1. Rétthafi ákveður í samningi hvernig iðgjaldi hans skuli ráðstafað til ávöxtunar. Rétthafi getur alltaf breytt ákvörðun sinni vegna framtíðariðgjalda, en skilyrði er að breytinga sé óskað skriflega. Greiðslur iðgjalda skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum frá undirritun samningsins.

2. Sparisjóðurinn tekur að sér að innheimta og hafa eftirlit með innheimtu iðgjalda til lífeyrissparnaðar rétthafa að kostnaðarlausu, þ.m.t. að krefja launagreiðanda um skilagrein ef hún berst ekki

3. Sparisjóðurinn sendir rétthafa yfirlit um greidd iðgjöld eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til rétthafa um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist Sparisjóðnum.

4. Útborgun

4.1. Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. V. kafla reglugerðar nr. 698/1998.

4.2. Útborgun lífeyrissparnaðar í séreign, ásamt vöxtum, er heimilt að hefja með jöfnum árlegum greiðslum þegar rétthafi er orðinn 60 ára. Hægt er að taka inneignina út í einu lagi eða á lengri tíma.

4.3. Verði rétthafi öryrki og orkutapið, sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Árleg útborgun lækkar og úttektartími lengist í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997. Útborgun getur í fyrsta lagi hafist þegar orkutapið hefur varað samfelld í sex mánuði og ráðgefandi læknir Sparisjóðsins hefur staðfest að fyrirbyggjandi vottorð um örorku og orkutap sé fullnægjandi.

4.4. Erfingjar rétthafa öðlast rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Börnum rétthafa undir 13 ára aldri skal úthluta þeim hluta innstæðunnar, sem þeim ber, með jöfnum greiðslum á þeim árum sem vantar á að viðkomandi barn verði 18 ára. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát rétthafa verður hlutur þess greiddur út á 5 árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö árum. Greiðslum skal þó lokið fyrir 67 ára aldur maka, hafi hann ekki þegar náð honum við andlát rétthafa. Láti rétthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana skv. 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

4.5. Ef innstæða er undir 500.000 kr. er hún greidd út í eingreiðslu óski aðili eftir því, þrátt fyrir ofangreindar reglur. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

4.6. Ávallt er unnt að semja um annan og lengri útborgunartíma en greinir hér að ofan.

4.7. Með jöfnum greiðslum hér að framan er átt við greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að rétthafi fái á hverju ári þann hluta innstæðunnar að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára sem eftir standa af endurgreiðslutímanum.

5. Geri rétthafi og Sparisjóðurinn breytingu á samningi þessum sem varðar launagreiðanda, svo sem hækkun eða lækkun iðgjalds, skal Sparisjóðurinn beina skriflegri tilkynningu til launagreiðanda þar sem fram koma undirskriftir rétthafa og Sparisjóðsins.

6. Samningi um lífeyrissparnað er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara. Uppsögn samningsins skal beint til Sparisjóðsins, vera skrifleg og undirrituð af rétthafa. Þar skal koma fram heiti þess lífeyrissjóðs sem móttækur iðgjald til lágmarkstryggingarverndar. Sparisjóðurinn skal senda staðfestingu á uppsögn til launagreiðanda og rétthafa, eða þeim er sagt hefur upp samningi samkvæmt umboði frá honum, þar sem fram kemur frá hvaða tíma samningur þessi fellur úr gildi. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu.

7. Hætti iðgjöld vegna rétthafa að berast til Sparisjóðsins af einhverjum ástæðum, verður greitt út eftir útborgunarreglum 4. gr. þegar einhver þeirra verður uppfyllt.

8. Flytja skal innstæðu til annarra aðila sem geta boðið upp á samninga af þessu tagi, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, óski rétthafi eftir því við Sparisjóðinn. Beiðni um flutning skal vera skrifleg og send með sex mánaða fyrirvara. Þóknun því samfara fer að gildandi gjaldskrá Sparisjóðsins við flutninginn en þó ekki hærri en 500.000 kr.

9. Sparisjóðurinn vinnur persónuupplýsingar um rétthafa og launagreiðanda. Þær upplýsingar sem um ræðir eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang og upplýsingar um lífeyrissparnað. Sparisjóðnum er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar til að sinna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og vörsluaðili lífeyrissparnaðar sem og til að tryggja öryggi í fjármálaþjónustu. Persónuupplýsingar eru m.a. notaðar við útborgun lífeyrissparnaðar, uppfærslu samninga og við aðra eðlilega starfsemi Sparisjóðsins. Við vinnslu persónuupplýsinga er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn sem hann þurfa starfs síns vegna. Sparisjóðnum er heimilt að miðla persónuupplýsingum um rétthafa til þriðja aðila sem hann hefur samið við um vinnslu og utanumhald utan um iðgjaldagreiðslur og útgreiðslur úr Lífeyrissparnaði Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn tryggir persónuvernd og öryggi vinnslu persónuupplýsinga með því að leitast við að uppfylla lagaskyldur á hverjum tíma. Persónuupplýsingar eru varðveittar eins lengi og samningurinn er í gildi og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir Sparisjóðsins krefjast þess og málefnaleg ástæða þykir til.

10. Rétthafa er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um lífeyrisreikning Sparisjóðsins, nema samkvæmt 1.-3. tl. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.

11. Sparisjóðnum er heimilt að breyta samningsákvæðum þessum að undangengnu samþykki fjármálaráðherra.

12. Sparisjóðurinn hefur upplýst rétthafa um ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 462/2003 um Ábyrgðarsjóð launa þar sem m.a. kemur fram að sjóðurinn ábyrgist kröfu um vangoldin lífeyrisiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili enda er kröfulýsingu lýst á hendur sjóðnum á þar til gerðu eyðublaði ásamt nauðsynlegum fylgigögnum.

13. Sparisjóðurinn tekur að sér að innheimta og hafa eftirlit með innheimtu vangoldinna iðgjalda. Hefðbundin bankainnheimta er rétthafa að kostnaðarlausu. Fáist krafan ekki greidd við þá innheimtu skal Sparisjóðurinn hafa samband við rétthafa og kanna hvort rétthafi vilji hefja lögfræðinnheimtu á eigin kostnað. Samþykki rétthafi að hefja lögfræðinnheimtu hefur Sparisjóðurinn eftirlit með innheimtunni. Fáist krafan ekki greidd gerir Sparisjóðurinn kröfu á hendur Ábyrgðarsjóði launa um greiðslu vangoldinna iðgjalda ásamt þeim kostnaði sem til fellur við innheimtuna. Samþykki sjóðurinn ekki allan kostnaðinn þá ber rétthafi ábyrgð á þeim kostnaði sem eftir stendur.

Samningur þessi getur verið endurnýjun á fyrri samningi um viðbótarsparnað. Aðilar samþykkja efni samnings þessa og staðfesta með undirskrift sinni að þeir hlíti reglum sem um hann gilda. Ennfremur veitir rétthafi Sparisjóðnum umboð til að innheimta eða hafa eftirlit með innheimtu iðgjalda. Sparisjóðurinn sendir afrit af samningi um lífeyrissparnað milli rétthafa og Sparisjóðsins til launagreiðanda.